



# AGNIÐ

Fréttabréf SVH

Jan 2007

1. tbl. 14. árg.

## Meðal efnis:

### Veiðileyfin

- Það er gott úrval af þeim

### Aðalfundur

- Aðalfundarboð

### Vetrarstarfið

- Alltaf eitthvað í gangi og mikið framundan

## Takið Eintak



Þétt setinn "hnýtingarbekkurinn"  
á opnu húsi um daginn.



Þeir félagar frá Vesturröst  
komu í heimsókn til okkar  
um daginn. Þetta var svona  
"dótakvöld", fyrir utan annan  
skemmtilegan fróðleik.

Munum aðalfundinn 12. febrúar n.k.  
Sjá nánar á bls: 5

# AGNIÐ

Útg.: Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar.  
Flatahrauni 29, 200 Hafnarfjörður.

Sími: 5654020

Netfang stjórnar: stjorn@svh.is  
Netfang ritstjórnar: webmaster@svh.is

Veffang: www.svh.is

Ábyrgðaraðili: Hans Unnþór Ólason

Ritstjórn: Evar Ágústsson

Sími: 6699240

Prentun: Steinmark - www.steinmark.is

## Ritstjórinn

Sælir veiðimenn!

Jæja, það er kominn janúar 2007.

Ég reikna með að flestir af þeim sem lesa blaðið hafi farið á veiðar á síðasta ári, eða er ekki svo?

Ég spyr aftur, eins og oft áður, hvar eru myndirnar kæru félagar?, hvar eru veiðisögurnar? Ekki geta allir þessir veiðimenn sem samankomnir eru í félaginu verið haldnir ritstíflu, eða hvað?

Ég er tilbúinn að setja nánast hvað sem er á blað

með ykkur, tala nú ekki um ef myndir fylgja með.

Ég veit einnig að ég hef áður óskað eftir efni frá ykkur félagar góðir, en lítt gengið, ég hef samt trú á því að í fórum ykkar leynist eitt og annað fróðlegt sem setja má í okkar ágæta rit - Agnið - kíkið á mig á opnu húsi, eða hafið bara beint samband.

Kveðja;

*Evar*



## ATH - ATH

Af sérstökum ástæðum er salurinn okkar laus á tveim af hinum hefðbundnu fermingardögum.

Allar nánari upplýsingar hér að neðan.

## Samkomusalur félagsins

Hægt er að fá hinn glæsilega sal félagsins leigðan. Hann er mjög heppilegur fyrir smærri veislur og samkvæmi með sæti fyrir allt að 70 manns.

Sigríður - hs: 565-3602

GSM: 892-3037

Árman - vs: 565-4060



# Formaðurinn

Ágætu félagar, gleðilegt ár og takk fyrir þau gömlu.

Nú fer í hönd skemmtilegur tími þegar menn fara að skipuleggja komandi veiðisumar, það er ekki laust við að smá fiðringur geri vart við sig og hugurinn reikar ósjálfrátt til ánægjustunda á vatnsbökkum s.l. sumar.

Það er okkur í stjórn SVH hinsvegar mikið ánægjuefni að geta boðið stóraukið úrval veiðisvæða þetta árið. Við höfum, eins og undanfarin ár leitað af kostgæfni að hentugum veiðisvæðum og sanngjörnum verðum og óhætt að segja að nú hafi leitin borið góðan árangur, því bjóðum við **fimm** ný og fjölbreytt veiðisvæði af ýmsum gerðum, þekkt og minna þekkt. En við höfum haft það að leiðarljósi að verðlagning svæðanna sé skynsamleg og sanngjörn og vonum að þetta falli nú í góðan jarðveg.

Því vil ég hvetja menn til að taka vel við sér og prófa eitthvað nýtt, við munum svo leggja áherslu á að verða áfram með þau svæði sem ánægja er með.

Að lokum vil ég hvetja menn til að mæta vel á opin hús í vetur og taka gesti með.

*Kveðja*  
*Hans Ólason*

## Kastnámskeið á vegum: SVH, SVFR og Kastklúbbs Íslands

Öll námskeiðin eru fjórir sunnudagar frá kl: 20:00 til 22:00 og fara fram í TBR húsinu, Gnoðarvogi 1, 104 Reykjavík.

**Allur útbúnaður er á staðnum**, þó er þeim sem koma bent á að taka með sér góða inniskó, helst ípróttaskó.

Verðið er kr: 8.500, en 7.500 fyrir félagsmenn í ofangreindum félögum. **ATH, EKKI ERU TEKIN KORT!**

Næstu námskeið framundan eru:

- 4. febrúar x 4 sunnudagar í röð (lýkur 25. febrúar)
- 4. mars x 4 sunnudagar í röð (lýkur 25. mars)
- 1. apríl, 15. apríl, 22. apríl og 29. apríl

**Útikastæfingarnar eru svo 2. 3. og 4. maí.**

Nánari upplýsingar veitir Svavar í síma: 896 7085

# Uppskriftin

Grilluð smábleikja a'la: N64 54.538 W20 33.404  
(ATH, að hentugasta stærðin er svipuð og Hlíðarvatnspundið)

## Kryddlögur:

Ólífu olía

Nýmalaður svartur pipar

Sítrónumelissa, grófsöxuð

Rauður Chili, saxaður

Hvítlaukur, skorinn smátt

Smá salt

Öllu blandað vel saman



## Aðferð:

Skerið haus og sporð af bleikjunum.

Setjið í pott (ja eða poka) með kryddleginum og látið bíða í 2 til 3 tíma.

Skellið á grillbakka (sjá mynd) og annann ofaná, einfaldar mjög snúning á grillinu.

Grillið í 4-5 mín á hvorri hlið.

Berist fram með soðnum kartöflum og smjöri.



**FJARÐARKAUP**  
*Verslun Veiðimannsins*

# AÐALFUNDARBOÐ

Aðalfundur Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar verður haldinn laugardaginn 10. febrúar 2007, kl. 14:00 í samkomusal félagsins að Flatahrauni 29.

## Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf, bikarafhending og nýjir heiðursfélagar. Engar tillögur um lagabreytingar liggja fyrir fundinum.

**Félagar eru hvattir til að mæta.**

## ÁRGJALD:

Lagt er til, að árgjald 2007 verði kr. 4.000 fyrir almenna féлага, en kr. 1.500 fyrir þá, sem eru 20 ára eða yngri eða eldri en 66 ára.

## Eftirtaldir hafa gefið kost á sér til setu í stjórn:

**Til formanns:** Hans Unnþór Ólason.

**Til stjórnar:** Vilborg Reynisdóttir og Hallberg Svavarsson.

**Til varastjórnar:** Högni Bergþórsson, Guðmundur Sveinbjörnsson og Jón Arnar Jónsson.

## Unglingadeild SVH

Starfsemin hjá uSVH er komin á skrið.

Hér er hluti hópsins mættur við hnýtingar og spjall.



### **Hefurðu áhuga á að starfa með unglungum?**

Ef svo, gætum við félagarnir í uSVH gjarnan þegið aðstoð annars lagið við að leiðbeina þessum öndvegis hóp sem við erum með.

Upplýsingar: Ævar (flugan@isl.is), Maggi (magoo@internet.is)

# UMSÓKN VEIÐILEYFA

Hér með fylgir umsóknareyðublað fyrir veiðileyfi á vatnasvæðum félagsins sumarið 2007. Athugið að tilgreina skal nákvæmlega þann dag/daga, sem óskað er eftir, en í athugasemdum má taka fram, hvaða annar dagur eða tímabil komi til greina. Við úthlutun er tekið tillit til, hversu margir félagar sameinast í umsókn um ákveðinn dag. Af gefnu tilefni er bent á, að erfiðlega getur reynst að uppfylla óskir þeirra félaga, sem sækja einir um fleiri en eina stöng í Hlíðarvatni á eftirsóttum tíma.

***Vinsamlegast skráið heima- og vinnusíma á umsóknina ásamt tölvupóstfangi!***

***Skilafrestur er til mánudagsins 12. febrúar 2007.***

**ATHUGIÐ! Þeir félagar, sem eru skuldlausir við félagið, ganga fyrir við úthlutun veiðileyfa, og þeir sem sækja um og kaupa leyfi hjá félaginu eiga einnig kost á að kaupa sumarkort í Kleifarvatn á kr. 1.000**

Sú nýjung verður í ár að félögum í Stangaveiðifélagi Hafnarfjarðar gefst kostur á að kaupa veiðileyfi í öðrum Stangaveiðifélgögum s.s Selfossi, Ármönnum, Akranesi og jafnvel fleirum á sérstöku verði. Leyfi þessi verða sett í sölu á vef SVFR og merkt "**Aðildarfélag Landsambands Stangaveiðifélaga**". Félagar eru hvattir til að fylgjast með á vefnum en leyfin geta komið á misjöfnum tíma og standa eftv ekki lengi við !!!

**Auk þessa verður veiðikortið 2007 til sölu við úthlutun hjá okkur á kr. 4.500**

# AFGREIÐSLA VEIÐILEYFA

**Afgreiðsla veiðileyfa verður á skrifstofu félagsins, 19. og 20. og 26. mars milli kl. 18 og 22.**

Athugið, að greiða má veiðileyfin með EURO eða VISA!

Vinsamlegast athugið! Eftir mánudaginn 26. mars verða öll ósótt og óseld veiðileyfi boðin öðrum til sölu.

Með félagskveðju og von um ánægjulegar stundir við veiðar á komandi sumri,

Stjórnin.

## Vetrarstarfið

- 8. febrúar Kynning - Trausti Magnússon matreiðslumeistari og veiðimaður kynnrir okkur uppskriftir og sýnir eldun á silungi.
- 15. febrúar Hnýtingarkvöld
- 22. febrúar Kynning- Nánar auglýst síðar
- 1. mars Hnýtingarkvöld
- 8. mars Kynning- Nánar auglýst síðar
- 15. mars Hnýtingarkvöld
- 22. mars Kynning- Nánar auglýst síðar
- 29. mars Hnýtingarkvöld
- 12. apríl Hnýtingarkvöld
- 18. apríl Lokahóf



*Frá opnu húsi um daginn, varst ÞÚ ekki örugglega þar?*

# Hlíðarvatn

## **HLÍÐARVATN í Selvogi, bleikjuveiði**

Þetta frábæra veiðivatn í einungis 45 mínútna fjarlægð frá Hafnarfirði og hefur um árabil verið eitt virtasta og gjöfulasta veiðivatn landsins, leyfilegt agn: **Fluga og spúnn.**

Félagið hefur til umráða fimm stangir á dag og er veiðitíminn frá 1. maí til 30. september. Verð á stöng er mismunandi eftir tímabilum. Í maí og júní er verðið kr. 2.500 á virkum dögum og kr. 3.500 um helgar. Í júlí, ágúst og september er verðið kr. 2.000 á virkum dögum og kr. 2.500 um helgar. Afnot af mjög góðu húsi eru innifalin og **má koma í hús og hefja veiði kl. 18:00 að kvöldi fyrir skráðan veiðidag og ljúka skal veiði og skila hreinu húsi fyrir kl. 18:00 á skráðum veiðidegi.**

Síðustu helgina í apríl ár hvert er farið austur að Hlíðarvatni til hreinsunar á fjörum og landi. Félagsmenn eru hvattir til að mæta í þá ferð.



*Að ofan: Veiðihúsið Hlíð við Hlíðarvatn  
Til vinstri: Fallegar Hlíðarvatnsbleikjur frá því í maí*



# Djúpavatn

## DJÚPAVATN á Reykanesi, bleikja og urriði

Sannkölluð fjölskylduparadís við túnfótinn, 1/2 tíma akstur frá Hafnarfirði, veiðihús með 8 – 10 svefnplássum, gott útigrið og fallegt umhverfi. Ekki er takmarkaður stangarfjöldi og heimilt að veiða af bát. **Athugið að helgar eru seldar föstud. - laugard. saman og sunnud. - mánud. saman.**



Verð fyrir húsið og allt vatnið er kr. 6.000 á dag á virkum dögum og kr. 8.000 á dag um helgar. Gilda sömu reglur um komu í hús og fyrir Hlíðarvatn, þ.e. **koma má í hús og hefja veiði kl. 18 að kvöldi fyrir skráðan veiðidag og ljúka skal veiði og skila hreinu húsi fyrir kl. 18 á skráðum veiðidegi.**




Veiðitímabil er frá 1. júní til 15. september. Á hverju sumri er sleppt talsverðu af vænum fiski í vatnið.


# Kleifarvatn

## KLEIFARVATN, bleikja og urriði

Seld verða sumarkort og veiðileyfi einstaka daga eins og áður. Verð sumarkorta, sem seld eru á skrifstofunni, er kr. 2.000 en kr. 3.000 til utanfélagsmanna og kr. 1.000 fyrir 67 ára og eldri. Sumarkort seld annarsstaðar kosta kr 3.000.



# Nýtt! - Núpá



## Núpá á Snæfellsnesi, stutt að fara og sanngjarnt verð !

Stórskemmtileg lítil 3ja stanga á sem á ós með Haffjarðaránni, bleikja, sjóbirtingur og einnig lax sem reyndar er nokkuð stór hluti heildaraflans. Hús fylgir með sem er lélegt og er í raun hugsað sem bónus ef menn vilja nota það, mælt er með bændagistingu sem finnst í ríkum mæli á Nesinu.

Veiðitíminn er frá 20. júní – 30. september. Hefðbundinn veiðitími eins og í öðrum lax og silungsám (kl. 7-13 / 16 -22 og 15-21 frá 1. ágúst)

Kort af svæðinu og veiðistöðum er til, en merkingum við ána er þó ábótavant. Vegir eru við ána víðast hvar og í fínu standi að sögn heimamanna.

Veiðimenn þurfa hinsvegar að **passa sig á hrossum** sem eru sólgin í bíla sem lagt er á svæðinu. (Kunnugir segja að þetta eigi sérstaklega við hrossin frá Söðulsholti). Einhver hættu getur verið á truflun vegna vinnu bænda á jörðum sínum en þeir halda því þó í lágmarki á veiðitíma.

Hægt er að sækja um dag/daga hvenær sem er á tímabilinu, einungis selt í hollum allar 3 stangirnar saman.

Verð 4.500,- kr stöngin virka daga og 5.500,- helgardaga.

# Nýtt! - Reykjadalssá



*Bjarghylur í Reykjadalssá*

Reykjadalssá í Þing., vorveiði í silung 20.05 til 23.05 og 23.05 til 26.05  
Í boði eru 2 þriggja daga holl, ½, 2 heilir og ½, og það er mögnuð veiði á þessum tíma eins og raunar alltaf í **Reykjadalssá, Eyvindarlæk eða Vestmannsvatni** en veiðisvæðið nær yfir allt þetta (6 stangir x 8.900.- pr. stöng á dag) og **fylgir þar nýtt veiðihús með fjórum herbergjum**

sem öll hafa tvö rúm ásamt sturtu og wc. Þá er þar einnig svefnloft sem hæglega getur borið 4 til 6 en þar eru bara dýnur fyrir tvo, þá er góð verönd með heitum potti. Veiðitími er 12 tímar það er eingöngu fluga í ánni en má nota annað í Vestmannsvatni sem fylgir veiðinni.

## **ATH!!**

Möguleiki er á einu til tveimur þriggja daga hollum eftir miðjan ágúst (Lax og silungur, þá kostar stöngin 16.500.- á dag,) þetta mun þá liggja frammi á skrifstofu SVH dagana 19. 20. og 26. mars þegar veiðileyfin verða afgreidd

## **FYLGIST MEÐ !!!**



*Fallegur urrriði úr Reykjadalssá*

# Nýtt! - Vatnsdalsá

Vatnsdalsá í Hún., bleikja og urriði/laxavon, 17.07 til 19.07 og 19.07 til 21.07

Í boði eru tvö tveggja daga holl á silungasvæði Vatnsdalsár (10 stangir x 13.900.- pr.stöng á dag), veitt hálfan, heilan og hálfan dagana 17.07 til 19.07 og svo aftur 19.07 til 21.07 reglurnar eru hefðbundnar en menn geta samið við veiðivörðinn um nýtingu á þessum 12 tímum sem um er að ræða. Það er eingöngu fluga leyfð á þessum tíma nema niður í Húnavatni þar er einnig leyfð veiði með bæði spúni og maðki allt sumarið. Gott veiðihús með gistingu fyrir 20 (2 á stöng) og góðri aðstöðu. Einungis selt í hollum (allar stangirnar/báða dagana), svo nú er bara um að gera að smala félagunum í góðan veiðitúr, grilla og hafa það gott.



*Við Vatnsdalsá - ekki slæmt !!*

# Nýtt! - Kaldakvísl

Veiðileyfi gilda frá kl. 7:00 til 23:00

Verð fyrir veiðileyfi í einn dag er 8.900.- til félaga í SVH

**Efra svæði (4 stangir leyfðar) Neðra svæði (4 stangir leyfðar)**

**Ekki er hægt að kaupa leyfi fyrir hálfan dag.**

**Eitt leyfi þarf fyrir hverja stöng.**

A.T.H. Tungnaá fylgir Neðra svæði frá kl. 7-14 og Efra svæði frá kl. 16-23. Kaldakvísl og Tungnaá eru fluguveiðistaðir og eru veiðimenn hvattir til að nýta sér það. Kaldakvísl er urriða- og bleikjusvæði og er henni skipt í efra og neðra svæði, Tungnaá (gamli árfarvegurinn frá brú og niður eftir) er fyrst og fremst bleikjusvæði og fylgir Köldukvísl eins og sagt er til um. Til að tryggja kyrrð og næði veiðimanna eru **einungis seldar 8 stangir í ána fjórar á Neðra svæði og fjórar á Efra svæði.**

Efra svæðið nær frá fossinum Nefja og niður að Trippavaði. Í dag þarf ekki að fara Trippavað þar sem ný brú er komin neðar á Tungnaá. Á efra svæðinu er hægt að aka á 4x4 bifreiðum nær alveg upp að fossinum Nefja. Bestu veiðistaðirnir eru við fossinn og eins um 300 m fyrir neðan foss en þar í gilinu er djúpur og langur hylur. Eins eru góðir staðir neðar í ánni þar sem tilvalið er að veiða. Efra svæðinu fylgir jafnframt leyfi til að veiða í Tungnaá frá kl. 16-23 (meðan leyfi gildir) en hún hefur gefið best neðst við skilin (þar sem árnar renna saman). Einnig eru góðir hyljir ofar í ánni.

Neðra svæði er frá Trippavaði og niður að skilum. Bestu veiðistaðirnir eru við klettana þar sem slóðin endar (hægri megin) eða niður við skilin þar sem árnar liggja saman. Neðra svæðinu fylgir jafnframt leyfi til að veiða í Tungnaá frá kl. 7-14 (meðan leyfi gildir).

Kaldakvísl er þekkt fyrir væna urriða og bleikjur og Tungnaá fyrir vænar bleikjur. Þessi svæði eru miklar náttúruperlur og eru veiðimenn sérstaklega hvattir til að ganga vel um umhverfið, aka ekki utan slóða og skilja ekki sopp eftir sig. Veiðimenn eru hvattir til að skila veiðiskýrslum og færa afla í veiðibók.

Veiðipjófnaður verður kærður til lögreglu og hefur veiðieftirlit verið hert til mikilla muna.



*Til vinstri: Skilin við Tungná, fylgir Köldukvísl. Til hægri: Falleg bleikja úr Köldukvísl*

# Nýtt! - Kvíslaveitur og Þórisvatn

Veiðileyfi gilda frá kl. 7:00 til 23:00

Verð fyrir veiðileyfi í einn dag er 4.900.-

Veiðileyfi fyrir hálfan dag gildir frá kl. 07-14 eða frá kl. 16-23

Engar undantekningar eru frá þessum tímamörkum

Eitt leyfi þarf fyrir hverja stöng.

Verð fyrir hálfan dag er 3.000.- Gisting í veiðikofa 500.- á mann.

Eitt leyfi þarf fyrir hverja stöng.

Gisting í Hrauneyjum ([www.hrauneyjar.is](http://www.hrauneyjar.is))

S: 487 7782 [hrauneyjar@hrauneyjar.is](mailto:hrauneyjar@hrauneyjar.is)

Gistiaðstaða er einnig fyrir veiðimenn í Versölum. Sími: 8975976

Tilboð: Á mánudögum – fimmtudaga er tilboð í allt sumar. Hvert keypt leyfi gildir fyrir tvær stangir. Gildir eingöngu ef keyptur er heill dagur.

Leyfilegt agn: fluga, beita og spúnn, netaveiði er bönnuð.

Þessi svæði eru miklar náttúruperlur og eru veiðimenn sérstaklega hvattir til að ganga vel um umhverfið, aka ekki utan slóða og skilja ekki sorp eftir sig. Veiðimenn eru hvattir til að skila veiðiskýrslum og færa afla í veiðibók.

Veiðipjófnaður verður kærður til lögreglu og hefur veiðieftirlit verið hert til mikilla muna.

Við óskum ykkur ánægjulegrar stundar í kyrrð og friðsæld öræfanna.

## ***Leigutakar og veiðieftirlitsmenn***




*Að ofan: Falleg veiði úr Fellsendavatni.*

# Tapað - Fundið

Eins og við má búast gleymist eitt og annað í veiðihúsum okkar. Hér að neðan eru munir sem eru í okkar vörslu og ef einhver kannast við þá, endilega hafa samband við okkur til að nálgast þá.



Þessi leðurjakki var í veiðihúsinu við Hlíðarvatn sl. sumar, sennilega frá því um miðjan júní.



Þessi gleraugu fundust á steini fyrir ofan Kaldóshólmann (í Hlíðarvatni), við bílastæðið 27. ágúst, þetta var við efra stæðið.



Þessi gleraugu fundust í veiðihúsinu við Hlíðarvatn.



Þessi húfa fannst einnig í veiðihúsinu við Hlíðarvatn.

# Sérfræðingar í fluguveiði



PRO SHOP

**Sportvörugærdin hf.,  
Skiopholti 5, s: 562 8383  
[www.sportvorugerdin.is](http://www.sportvorugerdin.is)**